

Ed.

435. Nefndarálit

um frumvarp til laga um námsskeið verzlunarmanna (Þingskjal 385).

Nefndin, sem háttv. Ed. fal að athuga frumvarp þetta, hefir fallist á ákvæði þess, og telur það til stórra bóta frá gildandi lögum um iðnaðarnám frá 16. sept. 1893, sem ekki verða heimfærð til verzlunarnáms, nema í einstökum atriðum. Frumvarpið er þó samið í líkingu við nefnd lög og inniheldur að mestu leyti samskonar ákvæði. Það nær að eins til kaupstaðanna, en ekki kauptúna alment, og mun orsökkin til þess vera sú, að flutningsmenn hafa talið all-torvelt, ef ekki ómögulegt, að veita nemendum nauðsynlega fræðslu annarsstaðar en í kaupstöðunum. En þó mun mega ganga út frá því sem vísu, að frumvarpið, ef það verður að lögum, verði notað í ýmsum öðrum verzlunarstöðum hér á landi, þar sem nauðsynleg skilyrði eru fyrir hendi, að því er snertir kenslu fyrir nemendum, enda virðist ekkert á móti því, þó skyldan til þess að notfæra sér lögin hvíli eingöngu á verzlunarforstjórum í kaupstöðum.

Nefndin leyfir sér að stinga upp á nokkrum smábreytingum við frumvarpið. Hin fyrsta þeirra er sú, að reynzlutími nemenda sé lengdur úr 1 mánuði í 3 mánuði. Vér lítum svo á sem 1 mánaðar reynzlutími sé altof stuttur; á einum mánuði getur nemandi ekki fengið neina hugmynd um það starf, sem hann hefir bundist til að læra, má ske í 5 ár, og ætti að gera að lífsstarfi sínu, og hins vegar getur húsbóndi tæplega séð á þeim tíma hvort nokkurt efni eða hæfilegleiki býr í nemandanum til þess að hann geti orðið að dugandi verzlunarmanni.

Í 6. gr. er húsbónda nemenda gert að skyldu að reka hann burt úr vistinni (þ: frá náminu) strax og hann verður uppvís að einhverri óráðvendni. Þetta ákvæði þykir nefndinni of hart, og vill í þess stað að eins gefa húsbónda heimild til þessa. Því hugsanlegt er, að piltur eða stúlka — má ske innan fermingaraldurs — fyrir skort á góðu uppeldi eða af gáleysi sýni af sér óráðvendni í fyrstu, einkum þar sem freisting er mikil fyrir óþroskaðar persónur, eins og við verzlanir, án þess þó að í þeim búi meðfædd tilhneiging til óráðvendni. En slíka óráðvendni ætti húsbónda að vera skylt og auðvelt að uppræta.

Þá vill nefndin gera litla breyting á 7. gr. Fella í burtu heimild þá, sem þar er veitt stjórninni til undanþágu frá ákvæðum þeim, er greinin setur um hvíldartíma nemanda. — Nefndin fær eigi betur séð, en að ákvæði greinarinnar um vinnutíma nemenda gangi full-langt, þar sem svo er að orði komist: »að jafnaði má verzlunarstjórnandi ekki láta nemandann vinna neina vinnu frá kl. 9 á kvöldin til kl. 6 á morgna,« — þótt ekki sé við það bætt undanþágurétti, sem stjórnarráðinu er ætlað að veita til að skerða þennan hvíldartíma enn meir. Það álitur nefndin vægast sagt óráðlegt, og um nokkra brýna nauðsyn til þess getur alls eigi verið að ræða.

Breytingartillögur.

Við 5. gr.

1. Í stað orðanna »Fyrsta mánuðinn«, í upphafi greinarinnar, komi: Fyrstu 3 mánuðina.

Við 6. gr.

2. Í stað orðanna: »skal hann tafarlaust rekinn burt frá náminu«, í niðurlagi greinarinnar, komi: má reka hann burt frá náminu.

Við 7. gr.

3. Síðasti málslíður þessarar greinar: »Stjórnarráðið getur veitt undanþágu«, o. s. frv. til enda greinarinnar, falli burt.

Við 13. gr.

4. Orðið »viðkomandi« í 4. línu falli burt.

Efri deild alþingis 10. apríl 1909.

J. Havsteen
formaður.

Aug. Flygenring
framsögumaður og skrifari.

Sigurður Stefánsson. Ari Jónsson. Gunnar Ólafsson.